

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Hallsvegur.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 4. apríl 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2002-2024, frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að Hallsvegur frá Víkurvegi að Strandvegi verður tveggja akreina gata. Hallsvegur frá Vesturlandsvegi að Víkurvegi og frá Strandvegi að Sundabraut verður fjögurra akreina gata.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 4. apríl 2006.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.